

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 frá 27. febrúar 2003 um vísitölu launakostnaðar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi gildir ekki í Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 72/2002) í XXI. viðauka við samninginn:

„18g. **32003 R 0450:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 frá 27. febrúar 2003 um vísitölu launakostnaðar (Stjtið. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 450/2003 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 1.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.